



## Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Akureyri, 13. apríl 2023  
2304022 JFK

**Efni:** Umsögn um frv. til breytingar á lögum um lögheimili og aðsetur, nr. 80/2018 (lögheimilisflutningar), 895. mál.

Jafnréttisstofa tekur undir mikilvægi þess að aðilum sem búa við heimilisofbeldi standi þetta úrræði til boða.

Stofnunin telur þó að mikilvægt sé að skilgreina með nánari hætti í hvaða tilvikum hægt sé að bera þetta ákvæði fyrir sig, þ.e. hvenær aðili telst búa við heimilisofbeldi og uppfylli þannig skilyrði laganna. Hvergi er tilgreint hvaða skilyrði þurfa að liggja fyrir og því erfitt að meta hvort að um raunverulega réttarbót sé að ræða. Nægir til að mynda að aðili fullyrði að hann sé beittur heimilisofbeldi eða þarf að liggja fyrir kæra hjá lögreglu? Þarf dómur að hafa gengið til þess að skilyrði þessa ákvæðis teljist uppfyllt.

Það er mikilvægt að þetta úrræði sé til staðar en hafa verður í huga að í þeim tilfellum þar sem um heimilisofbeldi er að ræða má vera að það þurfi að vera hægt að bregðast skjótt við. Krefjist þetta ákvæði þess að dómur um heimilisofbeldi liggja fyrir er hætt við að það verði í mörgum tilfellum ónothæft þeim sem það á að hjálpa



Jón Fannar Kolbeinsson  
lögfræðingur